



**Heiðurskveðja
til
Dr. Guðmundar Alfreðssonar
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Lögfræðin er íhaldssöm grein, byggð á gömlum grunni, textum sem rekja ættir sínar til Rómar í fornöld og íslenska þjóðveldisins fyrir þúsund árum. Iðkendurnir skipa sér í sveitir að nokkru á sama hátt og í gildum handverksmanna; gerast dómarar eða málflutningsmenn, starfa í stjórnsýslunni eða í lögsagnarumdæmum landsins.

Þó eru sumir sem beita lögfræðinni til að breyta heiminum, gera hann betri, auka rétt þeirra sem þjást eða eru í fjötrum, skapa lagagrundvöll fyrir fullveldi þjóða sem lotið hafa annarra stjórn.

Dr. Guðmundur Alfreðsson skipaði sér ungur í þá sveit, óf lærdóminn saman við hugsjónir sínar, helgaði ævistarfið samtökum og stofnunum sem þjóna öllum, óháð trú, þjóðerni, litarhætti eða kyni; kaus að vera á vettvangi þar sem mannréttindi voru í brennidepli.

Ungur hélt hann frá landi, sem þá var úr alfaraleið, til náms við einn merkasta háskóla heims; hóf svo störf í höfuðstöðvum þar sem leiðtogar ríkja koma saman. Þessum unga Íslendingi var falinn trúnaður í krafti þekkingar, mannkosta og hæfni.

Það er undrunarefni hve miklu Guðmundur Alfreðsson hefur komið í verk: höfundur og ritstjóri ótal bóka, greina og grundvallarrita; um leið verið áhrifaríkur stjórnandi sem leitt hefur saman fræðimenn og fulltrúa ríkja, þjálfað efnisfólk sem síðar veitti forystu um veröld víða.

Það hafa verið forréttindi að njóta um langa hríð samræðna við Guðmund, leiðsagnar hans og lærdóms, þiggja að gjöf þykkar bækur sem hann jafnan færði mér – og hvatti hlýlega til að ég læsi þær í þaula!

Mér er í fersku minni framganga Guðmundar fyrir um tuttugu árum þegar Ísland var að semja um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu,

hvernig hann túlkaði stjórnarskrá og þjóðarétt, oft í andstöðu við þá sem báru háa titla eða voru í valdastöðum, leiðtoga í stétt lögfræðinga. Þá birtist vel hugrekki Guðmundar og hollusta við sannfæringu, rökvísi hans og kjarkur; eðlisþættir sem smátt og smátt gerðu hann að forystumanni á alþjóðavelli.

Þessir mannkostir nýttust Guðmundi vel þegar honum var falin stjórn Raul Wallenberg stofnunarinnar, verkefnið að efla þekkingu á mannréttindum í löndum sem lutu annars konar sjónarmiðum, þar sem hollusta við valdhafa var bundin hefðum og daglegri önn. Það var hrífandi reynsla að eiga samræður við nemendur í Lundi og skynja hvernig Guðmundur var að breyta heiminum með því að mennta þetta unga fólk og halda námskeið í öllum álfum.

Ég fann jafnan mikinn fróðleik í doðröntunum sem hann færði mér iðulega, þegar hann kom í heimsókn á Bessastaði. En einu sinni skóp hann mér vanda sem þó var mitt eigið sjálfskaparvíti. Á morgunfundi gaf hann mér tvö eintök af riti um Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem hann hafði nýlega gefið út á kínversku. Síðdegis átti ég svo fund með Li Peng, forseta kínverska þingsins, sem þá var í heimsókn á Íslandi. Í augnablikshrifningu yfir framtaki Guðmundar fannst mér kjörið að gefa Li Peng þessar bækur – þar eð ég skildi hvort eð er ekki kínversku. Það kostaði nær klukkustundar svarræðu gestsins, ákafan málf lutning um stöðuna í Kína og öll dagskrá heimsóknarinnar fór úr skorðum.

Eftir á finnst mér þó skemmtilega táknrænt að hafa þannig tengt þá saman Li Peng og Guðmund Alfreðsson. Það er vísbending um hve höfðingjadjarfur Íslendingurinn hefur ætíð verið; óhræddur við að tala máli mannréttinda í sölum valdsins.

Hugsjónin um aukinn rétt allra sem eru í veikri stöðu, um sjálfstæði og fullveldi þjóða, um trygghan sess minnihluta hefur líka verið leiðarljós Guðmundar í margs konar störfum. Þegar framtíð Grænlands komst á dagskrá var hann kjörinn í nefndina sem meta skyldi stjórnskipun og réttarstöðu. Mér var hugsað til Guðmundar á fögrum júnímorgni í Nuuk þegar Grænendingar fögnuðu sjálfstjórninni sumarið 2009; tóku við hinum nýju lögum úr hendi drottningar. Hér hafði hinn lærði Íslendingur einnig komið við sögu.

Þótt vinir og samstarfsmenn Guðmundar heiðri hann með þessu riti og minnst þannig tímamóta í lífi hans veit ég að hinn eljusami brautryðjandi mun ótrauður halda áfram för. Ævi hans er og verður vitnisburður um hve áhrifaríkt samspil hugsjóna og lærdóms getur orðið. Gæfa heimsins og okkar allra að eiga slíka menn.